Atvinnuveganefnd Alþingis

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

27. maí 2020

Efni: Athugasemd við reglugerð um strandveiðar

Strandveiðar, þær 12. í samfelldri röð, hófust 4. maí sl. Reglugerð um veiðarnar var gefin út 22. apríl og var að mestu leyti samhljóða reglugerð ársins 2019 að einu veigamiklu atriði frátöldu.

Ákvæðið sem hér um ræðir varðar magn sem heimilt er að veiða, 1. ml. 2. gr. Árið 2019 orðaðist ml. svo:

> „Í maí, júní, júlí og ágúst 2019 er, að fengnu leyfi Fiskistofu, heimilt að veiða á handfæri allt að 11.100 lestir samtals af óslægðum botnfiski, sem ekki reiknast til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra fiskiskipa sem stunda handfæraveiðar samkvæmt reglugerð þessari.“

Í ár orðast ákvæðið hins vegar svo (litun og undirstrikun bréfritara):

> Í maí, júní, júlí og ágúst 2020 er, að fengnu leyfi Fiskistofu, heimilt að veiða á handfæri allt að 10.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa eða samtals 11.100 tonn af óslægðum botnfiski, sem ekki reiknast til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra fiskiskipa sem stunda handfæraveiðar samkvæmt reglugerð þessari.“

Landssamband smábátaeigenda (LS) gerði strax munnlega athugasemd við téða breytingu og með formlegum hætti í bréfi til Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 29. apríl. (sjá viðhengi). Þar var þess farið á leit við ráðherra að sundurgreining botnfisks yrði felld út úr reglugerðinni. Í bréfinu var m.a. bent á að í framsögu formanns atvinnuveganefndar við frumvarp að

breyttum lögum hefði komið fram að ufsinn ætti að vera til viðbótar þeim 11 þúsund tonnum sem kæmu til strandveiða. Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2018/2019 staðfesti

þann skilning. Heildarafli til strandveiða 11.100 tonn af óslægðum botnfiski sem gat þess vegna allt verið þorskur.

Ráðuneytið f.h. ráðherra svaraði erindi LS 13. maí sl. þar sem því er hafnað að reglugerðin fæli í sér efnisbreytingar (sjá viðhengi).

LS hefur ítrekað erindi sitt á fundum með ráðuneytinu sem ekki hefur skilað árangri.

Þar sem frumvarp að lögum sem reglugerðin er byggð á var fram komið og á forræði atvinnuveganefndar Alþingis, hefur LS ákveðið að snúa sér til nefndarinnar með tilvitnað ákvæði.

Hér með er þess farið á leit við atvinnuveganefnd Alþingis að skilningur LS verði staðfestur og skilaboðum um það verði komið til hæstvirts ráðherra.

Verði reglugerðin óbreytt leiðir það til þess að Fiskistofu ber, með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að stöðva strandveiðar þegar sýnt er að þorskafli fer umfram 10.000 þúsund tonn eða 100 tonn af gullkarfa. Á árinu 2019 var Fiskistofu hins vegar skylt að stöðva strandveiðar þegar ljóst var að veiði færi umfram 11.100 tonn af óslægðum botnfiski, ufsi þar ekki meðtalinn.

Það skal upplýst að óbreyttu verða strandveiðar stöðvaðar í enda júlí. Viðræður standa yfir milli LS og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að bæta við áður framkominn leyfilegan heildarafla.

Virðingarfyllst

Þorlákur Halldórsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri